

Eystrahorn

4. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 31. janúar 2019

www.eystrahorn.is

Evrópumeistarar í olíuleit

Eins og margir muna eflaust var haldin landskeppni í olíuleit í upphafi annar en sigurliðið í þeirri keppni öðlaðist þátttökurétt á lokakeppni í Cambridge. Það var liðið „Olíuleit með þabba“ sem sigraði landskeppnina en liðið skipa þeir Björgvin Freyr Larsson, Júlíus Aron Larsson, Kristján Vilhelm Gunnarsson og Oddleifur Eiríksson.

Lokakeppnin fór fram föstudaginn 25. janúar í Schlumberger Cambridge Research (SCR) en það er fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í tæknilausnum fyrir olíuindnað. SCR er með starfsemi í 85 löndum og hjá fyrirtækinu starfa um 100.000 manns af rúmlega 140 þjóðernum í alls konar fyrirtækjum. Eitt fyrirtækjanna er Next sem er hugbúnaðarfyrirtæki og hannar m.a. olíuleitarleikinn. Auk þess að hýsa keppnina vill SCR kynna starfsemina og um leið benda ungu fólki á möguleg störf í framtíðinni. Á lokakeppnina var einnig mætt liðið sem sigraði í landskeppninni í Noregi auk nokkurra norskra



Sigurinn í höfn.

styrktaraðila. Orkustofnun hefur styrkt keppnina á Íslandi um árabil og hefur með því framlagi gert íslenska sigurliðinu kleift að taka þátt í lokakeppni síðustu ára. Orkustofnun eru hér með færðar bestu þakkir.

Það er skemmst frá því að segja að strákarnir okkar komu agaðir og yfirvegaðir til leiks og voru mjög einbeittir á meðan keppnin stóð yfir. Það fór líka svo að þeir unnu með miklum yfirburðum og hlutu að launum verðlaunagrip

og sæmdarheiði „Evrópumeistarar í olíuleit“. Eftir keppnina var fyrirtækið kynnt og sagt frá því helsta sem það vinnur að. Það vakti athygli okkar að tækni í olíuindnaðinum er um margt lík og tækni í vinnslu á jarðhita á Íslandi. Þá vinnur fyrirtækið markvisst að því að vistsporið við vinnsluna verði sem minnst. Nú er t.d. reynt að dæla sem mestu af CO2 niður í jörðina fremur en að sleppa því út í andrúmsloftið. Eftir hádegismat var farin skoðunarferð um fyrirtækið og síðar um daginn skoðuðum við Cambridge undir leiðsögn. Þetta er þekktur háskólabær og þar eru 31 „college“ skólar staðsettir og mjög eftirsótt að komast í nám þangað. Margir skólanna hafa starfað öldum saman. Kvöldinu lauk svo á sameiginlegum málsverði á steikúsi í Cambridge.

Á laugardeginum var svo haldið til London þar sem deginum var eytt í það að skoða mannlífið og fara á skemmtilega sögusýningu

um London fyrr á tímum. Hópurinn átti flug til Íslands á laugardagskvöldinu og kom heim til Hafnar seinni partinn á sunnudag.

Það er ekki á hverjum degi sem skólinn getur státað sig af titlum og af því tilefni var efnt til móttökuhátíðar í FAS. Þar fengu strákarnir viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna og skólinn fékk verðlaunagripinn afhentan og fer hann nú í glerskápin góða á efri hæðinni. Þar mun hann standa til samlætis þeim tveimur verðlaunagripum sem FAS hefur fengið áður fyrir olíuleit.

Í lokin má geta þess að strákarnir fjórir voru einstaklega flottir ferðafélagar og stóðu sig alls staðar með miklum sóma en voru engu að síður staðráðnir að eiga skemmtilega daga og njóta ferðarinnar. Það er gaman þegar allt gengur svona vel.

Hjördís Skirnisdóttir



Einbeitt lið í olíuleit

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

FÉLAGSVIST 3ja kvölda !

Fimmtudaginn 7. febrúar hefst þriggja kvölda félagsvist í Ekrinni. Aðgangseyrir 1000 kr. Ekki posi.

Verið með frá byrjun.

Verðlaun fyrir hvert kvöld og heildarverðlaun.

SPILANEFNDIN

Spjaldtölvu (I-pad)-námskeið !

Spjaldtölvunámskeið er fyrirhugað í febrúar ef næg þátttaka fæst.

Áhugasamir skrái sig á blað í Ekrinni eða hafið samband við Hauk í síma 897-8885.

ÞORRABLÓT FEH er föstudaginn 1. febrúar í Sindrabæ kl. 19:00. Allir að mæta spertir og sprækir !

Nefndin



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 3. febrúar
kl. 11 verður messa
fermingarbarna.

Lestur ritningalestra, bæna, sálmafal og saga er í höndum fermingarbarnanna.

Messukaffi eftir athöfn í boði barnanna og foreldra þeirra.

Verið öll hjartanlega velkomin.

Prestarnir.

Aðalfundur

Framsóknarfélag Austur
-Skaftfellinga boðar til
aðalfundar í Papóshúsinu að
Álaugarvegi, miðvikudaginn
13. febrúar kl. 17:00.



Mál á dagskrá eru:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Fyrirspurnir
- Önnur mál

Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórn Framsóknarfélags A-Skaft.

Föstudagshádegi í Nýheimum

Föstudagshádegi Nýheima verða
haldin alla föstudaga í febrúar kl. 12:30.

1. feb. Skapandi menningartengd ferðaþjónusta.

Kynning nemenda FAS á Erasmus verkefni.

8. feb. Leiksýning.

Kynning FAS og LH.

Súpa, nýbakað brauð og pesto 1000kr

Súpa, brauð og salatbar á 1500kr

í boði frá kl 12.00

(ath. að ekki er tekið við kortum)

Allir velkomnir

15. feb. Rýnt í nýjar ljóðabækur.

Soffía Auður Birgisdóttir.

22. feb. Fuglarannsóknir.

Náttúrustofa Suðausturlands, Lilja Jóhannesdóttir.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Húsnæði að Hafnarbraut 25 er laust til umsóknar.

Bæjarráð auglýsir húsnæði sveitarfélagsins
að Hafnarbraut 25, áður Sindrahús laust til
afnota.

Hugmyndin er að félagi- eða góðgerðasamtök
geti nýtt húsnæðið.

Húsið verður leigt í því ástandi sem það er,
þar til skipulag á svæðinu verður tilbúið.

Umsóknir skulu sendar á afgreidsla@hornafjordur.is

Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri

Sorphirðudagatal 2019



janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28		

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

- Endurvinnsla Höfn / Nesjahverfi
- Almennt og lífrænt Höfn / Nesjahverfi
- Almennt dreifbýli
- Endurvinnsla dreifbýli
- Söfnun á landbúnaðar plasti





Vaktavinna?

Fyrir vinnu utan hefðbundins dagvinnutíma er ýmist greitt yfirvinnukaup eða vaktaálög. Vaktaálög eru mun lægri en yfirvinna og því eru skilyrði fyrir því hvenær greiða má vaktaálag.

Vaktavinnuákvæði geta verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Eftirfarandi er sameiginlegt:

- Vaktaplan þarf að liggja fyrir með ákveðnum fyrirvara. Mismunandi á milli kjarasamninga.
- Vaktir hafa fast upphaf og fastan endi – óheimilt er að senda fólk heim af vakt og spara sér laun. Alltaf skal greiða vakt að fullu.
- Alla vinnu fram yfir fram ákveðin vaktalok skal greiða sem yfirvinnu.
- Allir sem vinna vaktavinnu eiga rétt á vetrarfríi.
- Alla vinnu umfram 173 klst. á mánuði skal greiða sem yfirvinnu.

Algengustu brot á ákvæðum kjarasamninga um vaktavinnu:

- Vaktir settar á með ófullnægjandi fyrirvara.
- Vaktaplan ekki lagt fram fyrr en alltof seint.
- Vaktaplani breytt eftir hendinni – jafnvel daglega.
- Vaktir byrja og enda á mismunandi tímum.

Ef launagreiðandi uppfyllir ekki skilyrði um vaktavinnu á að greiða yfirvinnuálag – sem er 80% á meðan vaktaálög eru 30% – 55%. (Mismunandi eftir kjarasamningum og tíma sólarhrings).

Ákvæði um vaktavinnu eru mismunandi eftir því eftir hvaða kjarasamningi er unnið. Þess vegna er mikilvægt að skoða viðkomandi kjarasamning til að sjá hvaða reglur gilda.

Helstu kjarasamningar félagsmanna AFLs

- Kjarasamningur SGS og SA
- Kjarasamningur SGS og SA vegna veitinga-, gisti, þjónustu- og greiðasólustaða, afþreyingarfyrirtækja og hliðstæðrar starfsemi
- Kjarasamningur SGS og Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Kjarasamningur SGS og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs (Að auki eru nokkrir samningar við minni aðila - sjá nánar á vef félagsins)

Starfsemi í Þrykkjunni félagsmiðstöð

Í haust tók undirrituð við starfi forstöðumanns Þrykkjunnar. Fljótlega bættist Stefánía Ósk Hjálmarsdóttir í hópinn og við byrjuðum veturinn á fullu.

Börnin og unglingarnir hafa verið mjög dugleg að mæta.

Þau hafa frjóar hugmyndir sem gaman er að láta verða að veruleika. Það sem þau langar að gera viljum við gera með þeim og hjálpa þeim við að gera eftir því sem áhugi þeirra er hverju sinni.

Sem dæmi þá höfum við fengið 35 krakka á einum degi og alveg niður í 2 krakka sem var í kringum jólin.

Yngri hópurinn er með opnun þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:00 til 19:00 sem eru 5. bekkur, 6. bekkur og 7. bekkur.

Eldri hópurinn er með opnun mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 20:00 til 22:00 sem eru 8. bekkur, 9. bekkur og 10. bekkur.

Ungmennahús fyrir FAS hefur aðgang á fimmtudags kvöldum sem er lítið notað, en áhugi er fyrir því að nota betur og er það í vinnslu hjá Ungmennaráði í samvinnu við FAS.

Þrykkjan er á Facebook þar erum við með upplýsingar um hvað við erum að gera.

Síðan segjum við krökkunum líka hvað verður um að vera á næstunni.

Núna síðast vorum við með undankeppni í Hönnunarkenningu í Stíll Samfés þemað 2019 er 90's. Aðalkeppnin verður 2. febrúar í Reykjavík þar munu 2 hópar keppa fyrir hönd Þrykkjunnar. Sunna Guðmundsdóttir sá um undirbúning og utanumhald á hópastarfinu. Þessa dagana förum við í fjársöfnun fyrir Samfés, en í mars mun Dagmar Lilja keppa fyrir hönd Þrykkjunnar í söngvakeppninni. Litla ávaxta borðtennismótið er ný afstaðið en síðan stendur til að vera með stóra súkkulaði-borðtennismótið.

Forvarnaráðið var vakið upp eftir 2 ára dvala og í framhaldi af því hófum við strax samstarf við lögregluna og ætlum okkur að verða góðir vinir þeirra.

Við byrjuðum samstarf við Lögregluna um Lögspjall og erum við búin að vera með eina heimsókn fyrir hvorn hópinn, við spjöllum, spyrjum spurninga, spilum og leikum okkur saman.

Löggan kom sterk inn í að kenna borðtennis og ýmis trix í uppgjöf. Einnig spiluðum við við lögguna í Rallýspilinu og fleira skemmtilegt. Lögreglan er alltaf velkominn í te og kaffi en þar eru allir sterkir á velli. Hellum upp á kaffi, kakó og blöndum okkur djús, spjöllum



Lögreglan og krakkarnir í Þrykkjunni að spjalla

saman og höfum gaman alla daga. Við bökuðum piparkökur og piparköku hús fyrir jólin, vorum með pakkahitting og skreytingardag. Undirbúningur fyrir Hönnunarkenninguna Stíll byrjaði í desember. Brjóstsykursmolagerð var hjá okkur, kennari var Helgi Sæmundsson, það heppnaðist vel og munum við örugglega gera það aftur. Einnig var jólaþeysu- og rauður dagur. Ekki má hafa með sér nammi, gos né drykki sem eru ekki ætlaðir 16 ára og yngri, nema það sé sérstaklega auglýst s.s. á jólabíó.

Börnin og unglingarnir mega koma með nesti ef þau eru að koma beint af æfingu þá mega þau borða nestið sitt við borðið og ganga svo frá eftir sig sem þau eru mjög dugleg við.

Þrykkjan var með undankeppni í USSS 19. nóvember og stóru keppnina í USSS 30. nóvember síðastliðinn. Þar komst Dagmar Lilja Óskarsdóttir áfram og mun hún keppa fyrir hönd Þrykkjunnar í Samfés 23. mars næstkomandi í Reykjavík. Þórdís Imsland sá um að þjálfar keppendur fyrir keppnina. Einnig vorum við með: Halloween kvöld, spilakvöld, náttfatasundstúð, plankahlaup, sjómanna- og froskahopp keppni, bíókvöld og fl..

Starfsmaður er duglegur að leggja fyrir þau þrautir sem þau þurfa að leysa stundum smíða og hanna, stundum þurfa þau að finna upplýsingar sem æfir þau í að tala saman.

Valið var í Ungmennaráð. Guðný Olga Sigurbjörnsdóttir er fyrir okkur þar og hún stendur sig vel.

Valið var í Þrykkjuráð sem kemur saman einu sinni í viku og ákveður hvað skal gera í Þrykkjunni svo hjálpum við þeim að koma



Brjóstsykursmolagerðin sló í gegn

því á koppinn.

Framundan er sem dæmi: LAN, rafmagnslaus dagur, stíll, Samfés, bekkjarkvöld, pizzabakstur, snjóboltastríð, Bolludagur, Óskudagur og Sprengidagur verða vonandi skemmtilegir hjá okkur.

Að lokum: munum að börnin okkar eru það verðmætasta sem við eigum. Verjum tíma með þeim án síma og tækja hlustum á þau og munum að segja þeim hvað okkur þykir vænt um þau. Knús og faðmlag er verðmætara en allir aurarnir okkar.

Með bestu þakki fyrir samstarfið það sem líðið er af vetri. Ég hef notið þess að vinna með ykkur.

Besta kveðja

Guðbjörg Ómarsdóttir

forstöðumaður Þrykkjunnar Félagsmiðstöð Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarhittingur

Þriðjudaginn 5. febrúar frá 17:00-20:00 í Heppuskóla og íþróttahúsinu.

Börn yngri en 12 ára komi vinsamlegast með fullorðnum.

Frítt í sund eftir klukkan 17:00

Boðið verður upp á mat á kostnaðarverði 500 kr., skráning í mat fyrir kl. 18:00.

Hægt er að sjá dagskrána á facebook síðu Grunnskóla Hornafjarðar



FRÁBÆR HELGARTILBOÐ Í NETTÓ!

Skare Striploin 

2.999 KR/KG

ÁÐUR: 4.998 KR/KG

-40%



-15%



Indversk grisapanna
Norðlenska

1.698 KR/KG

ÁÐUR: 1.998 KR/KG

-30%



Úrbeinað lambalæri
Heiðarkryddað

2.617 KR/KG

ÁÐUR: 3.739 KR/KG

-30%



Blandaðir folaldavöðvar

2.099 KR/KG

ÁÐUR: 2.998 KR/KG

-30%



Folaldalundur

4.199 KR/KG

ÁÐUR: 5.998 KR/KG

-20%




Svínasnitel með raspi
Ferskt

1.743 KR/KG

ÁÐUR: 2.179 KR/KG

-10%



Vanillustangir
Emmess 

539 KR/PK

ÁÐUR: 599 KR/PK

-30%



Folaldafille

3.499 KR/KG

ÁÐUR: 4.998 KR/KG

-30%



Folalda innralæri

3.149 KR/KG

ÁÐUR: 4.498 KR/KG

Lífrænir ávextir og grænmeti
frá Fairtrasa á 25% afslætti

-25%



nettó
Lægra verð - léttari innkaup

nettó

HEILSU- & LÍFSSTILSDAGAR

ALLT AÐ **25% AFSLÁTTUR** ÁF HEILSU- OG LÍFSSTILSDAGUM

VEGAN SÉRFEÐI LÍFRÆNT
KRJÓLIN HOLLUSTA UPPBYGGING
FITNESS UMHERFI

23. FEBRUÁR 2019 - 3. FEBRUÁR 2019

Nú standa yfir Heilsu- og lífsstilsdagar í verslunum Nettó

Helgartilboðin gilda 31. janúar - 3. febrúar

Tilboðin gilda meðan birgðir endast
• Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl
• Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.